

## Umsagnir við vopnalagafrumvarp

Minnisblað þetta er unnið að beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, sbr. tölvupóst dags. 17. nóvember sl., sama dag og frumvarp til breytinga á vopnalögum var kynnt nefndinni. Umsagnarfresti vegna málsins hjá allsherjar- og menntamálanefnd lauk 23. nóvember sl.

Umsagnir bárust frá þremur lögregluembættum, fimm hagsmunaaðilum og 11 einstaklingum.

Margar gagnlegar athugasemdir hafa borist við vinnslu frumvarpsins, bæði meðan á samráðsferli stóð og einnig við meðferð frumvarpsins á Alþingi. Hefur ráðuneytið brugðist við ýmsum athugasemdum en aðrar athugasemdir voru þess eðlis að taka þarf þær til athugunar í tengslum við fyrirhugaða heildarendurskoðun á vopnalögum. Það er mat ráðuneytisins að slík endurskoðun þurfi að fara fram á næstu misserum, en fram að því er nauðsynlegt að gera ákveðnar breytingar, í þeim tilgangi að gera regluverkið skýrara og til samræmis við reglugerð Evrópusambandsins sem innleidd er með þessu frumvarpi.

### Lögreglustjórinn á Suðurlandi

Í umsögn lögreglustjórans á Suðurnesjum (LSS) kemur fram að embættið telji að í frumvarpinu sé að finna jákvæðar og mikilvægar breytingar á gildandi vopnalögum. Tvær athugasemda LSS snúa að ákvæðum í IV. kafla vopnalaga um meðferð sprengiefnis. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu varða skotvopn að meginefni til og voru ákvæði IV. kafla því ekki til endurskoðunar að þessu sinni.

LSS gerir jafnframt athugasemdir um að orðalagi í 21. gr. laganna hafi ekki verið breytt. Sama athugasemd kom frá LSS meðan á gerð frumvarpsins stóð en tekin var sú ákvörðun að fara ekki í orðalagsbreytingar á ákvæðinu að sinni.

Í umsögn LSS kemur einnig fram að embættið telji að huga þurfi betur að hlutverki lögreglu eftir embættum og að hlutverk hvers lögreglustjóra og ábyrgð viðkomandi gæti verið skýrari en kemur fram í núgildandi lögum.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að með frumvarpinu var ákveðið að breyta fyrirkomulaginu þannig að afgreiðsla mála hvað varðar afturköllun skotvopnaleyfa geti verið í höndum hvaða lögreglustjóra sem er. Með þeim hætti geta minni embætti beint umsóknum og afturköllunum til stærri embætta eins og gert hefur verið hvað varðar leyfisveitingar, þar sem er fyrir meiri reynsla og þekking á málunum.

### Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

Í umsögn lögreglustjórans á Vestfjörðum kemur fram sú athugasemd um merkingar nauðsynlegra íhluta að sumir íhlutir séu það smáir að ekki einn læsilegur stafur komist á þá. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að sé íhlutur of smár til þess að hægt sé að merkja hann í samræmi við ákvæðið skuli hann a.m.k. merktur raðnúmeri, stafkóða eða stafrænum kóða.

Í öðru lagi kom athugasemd varðandi svokallaðar standard skammbyssur og að aðrir yrðu útilokaðir frá keppnum þar sem slíkar skammbyssur eru notaðar. Ráðuneytið bendir hér á að ekki er verið að breyta ákvæðinu efnislega hvað þetta varðar en sama skilgreining er í gildandi lögum um undanþágu um innflutning á vopnum sem sérhönnuð eru og sannanlega ætluð til íþróttaiðkunar. Með breyttu orðalagi í frumvarpinu er undanþága hvað varðar safnvopn tekin út og gert skýrar að undir undanþágu hvað íþróttaskotvopn varðar geti ekki fallið alsjálfvirk vopn.

Í þriðja lagi er gert athugasemd við að ekki sé fjallað um E réttindaflokk fyrir endurhleðslu skota. Ákvæði um endurhleðslu og skilyrði fyrir slíku leyfi er að finna í 4. mgr. 4. gr. gildandi laga og var því ákvæði ekki breytt með frumvarpinu.

### Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Lögreglustjórinn á Vesturlandi kom með athugasemd hvað varðar 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Í því sambandi er bent á það að ákvæðið er óbreytt að öðru leyti en því að með frumvarpinu er lagt til að ákvæðið verði fært úr 13. gr. laganna í 12. gr. laganna. Nánari skýringu á breyttri uppsetningu ákvæðanna að finna í greinargerð.

### **Skotveiðifélag Íslands og skotfélagið Markviss**

Í umsögn Skotvís, skotveiðifélags Íslands kemur fram að frumvarpið sé bæði strangt og flókið og er í því samhengi sérstaklega bent á að Svíþjóð hafi endurskoðað sína löggjöf þannig að megintilgangur endurskoðunarinnar hafi verið að skapa regluverk sem geri ekki löglegum byssueigendum eins og veiðimönnum og íþróttaskyttum erfitt fyrir að óþörfu. Til að mynda hafi þar verið lögð til breyting á refsíákvæðum skotvopnalaga í því skyni að gera skýrari greinarmun á brotum sem venjulega eru framin af löglegum byssueigendum og notkun ólöglegra vopna af hálfu skipulagðrar glæpastarfsemi.

Það er ekki rökstutt frekar af hálfu Skotvís að hvaða leyti þetta frumvarp er strangara og flóknara en lög annarra landa en eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins er einmitt að gera skýrari ákvæði um hver réttindi og skyldur einstaklinga sem vilja eiga og nota vopn eru. Sem dæmi eru gerð skýrari ákvæði um hvenær er heimilt að lána vopn eða fá lánuð vopn og um hvernig einstaklingum beri að geyma vopn sín. Með þeim hætti er gert enn skýrara hvenær þeir sem hafa skotvopnaleyfi gerast brotlegir við ákvæði laganna.

Í umsögn Skotvís er jafnframt bent á að í frumvarpinu sé ítrekað vísað til þess að ákveðin atriði verði nánar tilgreind í reglugerð og að betra hefði verið að leggja fram heildstætt frumvarp til vopnalaga.

Það var mat ráðuneytisins að ákvæði reglugerðarinnar eins og þau eru í dag ættu ekki alltaf nægilega skýra stöð í lögnum sem gæti hafa orðið til þess hvað reglurnar væru eða virtust flóknar. Því var ákveðið að gera reglugerðarákvæði skýrara og útskýra betur í greinargerð hvað gæti komið fram í reglugerð auk þess sem lagt var til að einstaka ákvæði yrðu færð frá reglugerðum í vopnalög. Að því leyti var ákveðið að breyta ekki mikið uppbyggingu laganna eins og þau eru en um er að ræða málaefnasvið þar sem þróun í iðnaði og tækni getur breyst mikið á stuttum tíma og nauðsynlegt að geta brugðist við í reglugerð.

Þá gerði félagið þá athugasemd um 5. gr. frumvarpsins að þar þurfi að skilgreina hvað nauðsynlegur íhlutur er. Í því sambandi og bendir ráðuneytið á að nákvæma skilgreiningu á hugtakinu er að finna í 1. gr. frumvarpsins.

Þá er gerð athugasemd um að í reglugerð Evrópusambandsins sé ekki kveðið á um leyfisskyldu vegna eignar á eftirlíkingum skotvopna eða varanlega óvirkum skotvopnum. Við skoðun á reglugerð Evrópusambandsins kom í ljós að ekki var nægjanlega skilgreint í lögnum hvað óvirk skotvopn væru og hefur það valdið misskilningi í framkvæmd. Í ljósi þess var bætt við ákvæði um hvað teljast vera varanlega óvirk skotvopn í 1. gr. laganna. Þá er ekki heimilt samkvæmt gildandi lögum að eiga eftirlíkingar skotvopna en með frumvarpinu er það lagt til að slíkt geti verið heimilt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Jafnframt var bent á að halda ætti óbreyttu ákvæði laganna um að lögreglustjóra sé heimilt að veita undanþágu frá skilyrði til að hafa skotvopnaleyfi þegar um er að ræða æfingar viðurkenndra skotfélaga. Þetta er athugasemd sem kom fram hjá félaginu meðan á samráðsferli stóð og var tekið tillit til, en með frumvarpinu er gengið lengra en í gildandi lögum hvað þetta varðar. Þannig þarf ekki lengur leyfi frá lögreglu til að mega æfa hjá skotfélögum heldur getur viðurkennt skotfélag veitt leyfi til æfinga sjálf.

Þá er gerð athugasemd um að svokallað C leyfi ætti að fylgja A leyfi. Var þessu ákvæði einnig breytt eftir samráð og samkvæmt frumvarpinu er heimilt að veita einstaklingi með A leyfi, C leyfi, hafi hann verið meðlimur í viðurkenndu skotfélagi í eitt ár. Þannig getur einstaklingur fengið D leyfi eftir að hafa verið með skotvopnaleyfi í tvö til þrjú ár að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skotfélagið gerir athugasemdir varðandi flokkun skotvopnan með frumvarpinu var ákveðið að halda í þá flokkun sem verið hefur og breyta þannig fyrirkomulaginu sem minnst. Verði farið í heildarendurskoðun á vopnalögum, eða skotvopnakaflanum í heild sinni, verður flokkunin tekin til frekari skoðunar.

Skotfélagið gerði einnig athugasemd varðandi hámarksfjölda skota. Rétt er að geta þess í því sambandi að hámarksfjöldi skota sem hverjum er heimilt að eiga á hverjum tíma er 5000 skot en var áður 500.

Þá er gerð athugasemd við það að í reglugerð Evrópusambandsins sé ekki skilyrði um að ábyrgðarmaður skotvopna þurfi að hafa skotvopnaleyfi en ríkjum er í sjálfsvald sett að setja reglur um hvaða skilyrði þarf að uppfylla. Við vinnslu frumvarpsins þótti fara vel á því að skilyrðið væri það að hafa skotvopnaleyfi, en með því móti ljóst að ábyrgðarmaður er þekkir vel til skotvopna og uppfyllir skilyrði til þess að fara með slík vopn.

Skotvís kallar jafnframt eftir heimild fyrir því að skotveiðimenn geti farið með tilvonandi veiðimenn á veiðar og kennt umgengni og meðferð. Slík breyting er að mati ráðuneytisins þess eðlis sem taka þarf til athugunar þegar kemur að heildarendurskoðun í málaflokknum.

Frá Skotvís kom jafnframt athugasemd varðandi það hvort hnifar sem seldir séu í verslunum falli undir nauðsynlega íhluti skotvopna. Svo er ekki, en eins og fyrr er segir skilgreint hvað nauðsynlegir íhlutir skotvopna séu í 1. gr. frumvarpsins.

Þá er gerð athugasemd varðandi það að ekki sé hægt að uppfylla skilyrðið um að hafa skotvopnageymslu búna þjófavörn sem vöktuð sé af viðurkenndu öryggisfyrirtæki. Eins og fram kemur í frumvarpinu þá eru öryggisþjónustufyrirtæki alltaf á vakt, þrátt fyrir að vera staðbundin, þannig að ef eigandi verður þess ekki var að kerfi fari í gang þá getur öryggisþjónustan haft samband við eiganda eða lögreglu ef svo ber undir.

Þá er gerð athugasemd við að það vanti skýrari ákvæði um hvað teljast vera óvirk skotvopn og bendir ráðuneytið á í því sambandi að skilgreining á því hvað telst varanlega óvirk skotvopn er að finna í 1. gr. frumvarpsins.

Þá bárust umsagnir frá skotfélaginu Markviss sem voru að mestu leyti sambærilegar þeim frá Skotvís og vísast um það til umfjöllunar hér að ofan. Ein athugasemdanna varðaði snýr að skráningu skotfæra. Sú athugasemd hafði einnig komið fram á meðan á samráðsferli stóð og hafði ákvæðið þegar verið tekið út.

### **Bogveiðifélag Íslands og Bogfimideild Tindastóls**

Athugasemdir bárust frá tveimur félögum sem hafa með bogfimi og bogveiðar að gera, annars vegar bogfimideild Tindastóls og hins vegar Bogveiðifélagi Íslands. Umsagnirnar voru að mestu leyti samhljóða, Hvað varðar athugasemdir um að ekki hafi verið gerðar breytingar á 31. gr. vopnalaga er vísað til þess sem greinir hér að ofan varðandi það að ekki var um að ræða endurskoðun á V. kafla laganna þar sem fjallað er um önnur vopn.

### **Gunnlogi, félagasamtök**

Það er rétt sem kemur fram í athugasemdum Gunnloga að gamlir hjálmar úr stáli hafa ekki verið flokkaðir sem skotskýlingabúnaður.

Þá er gerð athugasemd um að í frumvarpinu segi að ekki megi nota safnvopn nema með leyfi lögreglu en að mati ráðuneytisins er eðlilegt að hömlur séu settar á notkun slíkra vopna og vörslur. Um er að ræða vopn sem eru í eðli sínu hættulegri en hefðbundin veiði- og íþróttavopn enda langflest framleidd til hernaðar. Tilgangur þeirra sem eiga slík vopn á að vera söfnun en ekki notkun til skemmtunar. Til að mæta þessu að ákveðnu leyti var sett í frumvarpið takmörkuð heimild til notkunar þessara vopna, hafi skotfélag samþykkt notkun slíkra tækja hjá sér.

## Athugasemdir frá einstaklingum

Margar af athugasemdunum frá einstaklingum eru líkar þeim sem farið hefur verið yfir hér að ofan og því verður aðeins gerð grein fyrir þeim sem ráðuneytinu þykir ástæða til að fara yfir sérstaklega. Þá komu einnig sumar athugasemdanna fram meðan á samráðsferli stóð og þegar hefur verið tekið tillit til eða útskýrt nánar í greinargerð. Sem dæmi um það var ákvæði um skotskápa breytt meðan á vinnslu frumvarpsins stóð.

Fleiri en einn gera athugasemdir um hér megi börn ekki stunda æfingar eða keppni í skotíþróttum. Hingað til hefur verið miðað við að barn þurfi að hafa náð 15 ára aldri til þess og er ákvæði um aldursviðmið að finna í reglugerð. Með frumvarpinu er lagt til að við gerð reglugerðarinnar verði horft til nágrannaríkja okkar þegar kemur að því að setja viðmið um aldur og þannig veitt heimild til þess að lækka aldurinn sem börn þurfa að hafa náð til þess að mega æfa eða keppa í skotíþróttum.

Í athugasemd einstaklings er gerð athugasemd vegna ákvæðis frumvarpsins um skotskýlingabúnað þar sem hann telur ljóst að ákvæðið geti haft veruleg áhrif á starfsöryggi og umhverfi þeirra sem stunda dyravörslu í dag. Samkvæmt ákvæðinu er ætlunin sú að heimilt verði að veita leyfi fyrir slíkan búnað þegar einstaklingar þurfa þess starfs síns vegna. Í greinargerð með frumvarpinu kemur nánar fram að rétt sé að áætla að með auknum vopnaburði í þjóðfélaginu muni öryggisfyrirtæki í auknum mæli sækja í slíkan búnað og mikilvægt að lögreglan geti heimilað eign og notkun hans.

Að lokum bendir ráðuneytið á eins og fram kom í tölvupósti frá ráðuneytinu til nefndarinnar að athugasemdir bárust frá Sýslumannaráði um hugtakanotkun hvað varðar 32. gr. frumvarpsins um breytingar á öðrum lögum. Ráðuneytið hefur farið yfir þær athugasemdir og telur rétt að leggja til að gerðar verði ákveðnar breytingar eins og greinir hér að neðan:

- 1) 3. mgr. 9. gr. laga nr. 20/1991 myndi þá orðast svo:

*„Uppiýsingar má ekki veita úr dánarskrá, gerðabók og dánarbúskeifi sýslumanns nema sá sem æskir þeirra hafi lögvarða hagsmuni af því að fá þær eða um sé að ræða uppiýsingar og/eða gögn sem eru nauðsynleg cpinberum stcfnunum og öðrum sjórnvöldum, svo sem Skattinum, embætti Landlæknis, Ejóðskrá Íslands, Húsnæðis- og mannvirkjastcfnun, ríkislögreglusjórn, Samgöngustcfnu, Tryggingastcfnun ríkisins og Menntasjóði námsmanna, vegna lögbundinna verkefna þeirra. Aðrir sem eiga í viðskiptasambandi við hinn látna, svo sem viðskiptabankar, lífeyrisjóðir, sparisjóðir og tryggingafélög hafa eingöngu lögvarða hagsmuni af þeim uppiýsingum sem eru nauðsynlegar t.d. vegna innláns- og útlánsviðskipta. Sýslumanni ber að veita framangreindum aðilum rafrænan aðgang að umbeðnum uppiýsingum eða gögnum búi hann yfir þeim.“*

- 2) 3. mgr. 10. gr. laga nr. 20/1991 myndi orðast svo:

*„Cpinberum stcfnunum og öðrum sjórnvöldum, svo sem Skattinum, embætti Landlæknis, heilbrigðisstcfnunum, Ejóðskrá Íslands, Húsnæðis- og mannvirkjastcfnun, ríkislögreglusjórn, Samgöngustcfnu, Tryggingastcfnun ríkisins og Menntasjóði námsmanna, og sýslunarmönnum, svo og viðskiptabönkum, lífeyrisjóðum og sparisjóðum, er skylt að veita sýslumanni þær uppiýsingar um málefni þess látna, sem hann krefst. Það sama við um aðra sem geta haft vitneskju um eignir og skuldir dánarbús vegna viðskiptatengsla við þann látna eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Framangreindum aðilum bera að veita sýslumanni rafrænan aðgang að umbeðnum uppiýsingum eða gögnum búi þeir yfir þeim.“*

- 3) Á eftir orðinu „sambýlisfólks“ í 3. mgr. 29. gr. laga nr. 20/1991 kæmi: „leyfi aðila skv. 2. mgr. 11. gr. laganna fyrir vörslu skotvopna búsins.“

